

Greiðsluafkoma ríkissjóðs í janúar-febrúar 2005

Greiðsluuppgjör ríkissjóðs fyrir febrúarmánuð liggur nú fyrir. Þar sem uppgjörð nær aðeins til tveggja mánaða er samanburður við fyrra ár háður óvissu vegna tilfærslu tekna og gjalda milli mánaða sem getur valdið óeðlilega miklum sveiflum á einstaka liðum.

Samkvæmt febrúaruppgjöri er breyting á handbæru fé frá rekstri jákvæð um 13,9 milljarða króna á tímabilinu, sem er 10 milljörðum króna hagstæðari útkoma heldur en fyrir sama tímabil í fyrra. Útkoman er auk þess 9,5 milljörðum betri en áætlað var. Tekjur reyndust 12 milljörðum hærri en í fyrra, á meðan að gjöldin hækka um 3 milljarða. Hreyfingar á viðskiptareikningum urðu einum milljarði króna hagstæðari. Hreinn lánsfjárfnuður var jákvæður um 17,9 milljarða króna en var jákvæður um 2,6 milljarða í fyrra. Hagstæðari staða nú skýrist einkum af jákvæðari tekjujöfnuði og hagstæðari fjármunahreyfingum heldur en í fyrra.

Innheimtar tekjur ríkissjóðs námu 60,7 milljörðum króna á fyrstu tveimur mánuðum þessa árs sem er 12 milljörðum meiri innheimta miðað við sama tíma í fyrra eða 24,6% aukning. Þar af námu skatttekjur 57,4 milljörðum króna sem er 25,6% hækkun frá fyrra ári eða um 20,5% meiri innheimta að raungildi. Innheimta skatta á tekjur og hagnað nam 22,8 milljörðum og hækkaði um 27,5% frá síðasta ári og innheimta tryggingagjalda nam 5 milljörðum og hækkaði um 23,9%. Hér ber að nefna að launavísitala Hagstofu Íslands hækkaði á sama tímabili um 6,7% og almennt verðlag um 4,2%. Innheimta eignaskatta jókst um 0,8 milljarða og nam nú 2,4 milljörðum. Innheimta skatta á vöru og þjónustu jókst einnig frá í fyrra eða 22,4% sem er 17,5% raunhækkun. Hér ber helst að nefna aukna innheimtu virðisaukaskatts eða sem nemur 23,3% en innheimta annarra óbeinna veltuskatta jókst jafnframt eða um 20,7%. Munar þar mestu um 88,9% aukna innheimtu í vörugjöldum af ökutækjum sem endurspeglar stöðugt aukinn innflutning bifreiða það sem af er árinu en nýskráningum á bílum hefur fjölgað um 78,6%.

Greidd gjöld námu 47,9 milljörðum króna og hækkuðu um 3 milljarða frá fyrra ári, eða um 6,7%. Útgjöld til félagsmála, þ.e. vegna almannatrygginga, fræðslu- og heilbrigðismála, vega langþyngst í útgjöldum ríkissjóðs eða um 68%. Tæpur helmingur hækkunar milli ára kemur fram í heilbrigðismálum eða 1,3 milljarðar. Næst mest er hækkunin til fræðslumála, eða 0,9 milljarðar og 0,5 milljarðar vegna vaxtagjalda. Á móti vegur lækkun greiðslna til landbúnaðar- og sjávarútvegsamála.

Lánahreyfingar. Afborganir lána námu 11,2 milljörðum sem skiptast þannig að 9 milljarðar eru vegna afborgunar erlends langtímaláns og 2,1 milljarður er forinnlausn spariskírteina. Þá voru 0,5 milljarðar greiddir til Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins í því skyni að lækka framtíðarskuldbindingar sjóðsins. Lántökur námu aðeins rúmum milljarði króna þar sem stutt innlend lán voru greidd niður á móti erlendum lántökum. Þrátt fyrir afborganir umfram lántöku þá batnaði greiðsluafkoma ríkissjóðs um 7,2 milljarða sem skýrist af því að handbært fé frá rekstri og fjármunahreyfingar voru 18 milljarðar á tímabilinu.

Sjóðstreymi ríkissjóðs janúar - febrúar 2005 (í milljónum króna)

	<u>2001</u>	<u>2002</u>	<u>2003</u>	<u>2004</u>	<u>2005</u>
Innheimtar tekjur.....	40.070	41.483	44.155	48.732	60.718
Greidd gjöld.....	37.853	38.173	42.266	44.897	47.897
Tekjujöfnuður.....	2.218	3.309	1.889	3.836	12.821
Sóluhagn. af hlutabr. og eignahl.	-	-	-425	-	-
Breyting rekstrartengdra eigna og skulda.....	-1.237	80	659	121	1.117
Handbært fé frá rekstri.....	981	3.389	2.123	3.957	13.938
Fjármunahreyfingar.....	-398	-235	333	-1.335	4.011
Hreinn lánsfjárfnuður.....	583	3.154	2.456	2.622	17.948
Afborganir lána.....	-5.040	-10.688	-4.851	-13.878	-11.215
Innanlands.....	-5.040	-599	-4.851	-22	-2.216
Erlendis.....	-	-10.088	-	-13.857	-9.000
Greiðslur til LSR og LH.....	-2.500	-1.500	-1.250	-1.250	-500

Lánsfjárfjöfnuður. brúttó.....	-6.957	-9.033	-3.645	-12.506	6.233
Lántökur.....	7.836	11.185	175	17.571	1.016
Innanlands.....	4.433	1.062	4.022	3.218	-3.931
Erlendis.....	3.404	10.123	-3.848	14.353	4.947
Greiðsluafkoma ríkissjóðs.....	879	2.152	-3.471	5.064	7.249

Tekjur ríkissjóðs janúar
(Í milljónum króna)

	Breyting frá fyrra ári. %						
	<u>2003</u>	<u>2004</u>	<u>2005</u>	<u>2002</u>	<u>2003</u>	<u>2004</u>	<u>2005</u>
Skatttekjur í heild.....	40.887	45.707	57.403	3,6	6,3	11,8	25,6
Skattar á tekjur og hagnað.....	15.745	17.829	22.797	12,4	0,2	13,2	27,9
Tekjuskattur einstaklinga.....	9.669	10.572	12.084	16,2	2,8	9,3	14,3
Tekjuskattur lögaðila.....	383	1.034	1.375	-42,2	-44,5	169,7	33,0
Skattur á fjármagnstekjur og fl.....	5.693	6.223	9.338	19,8	1,4	9,3	50,1
Tryggingagjöld.....	3.674	4.095	5.072	10,2	1,2	11,5	23,8
Eignarskattar.....	1.269	1.580	2.380	-28,2	0,4	24,5	50,7
Skattar á vöru og þjónustu.....	20.115	22.109	27.070	-1,3	13,1	9,9	22,4
Virðisaukaskattur.....	13.398	15.139	18.659	-0,4	11,9	13,0	23,3
Aðrir óbeinir skattar.....	6.717	6.970	8.411	-3,1	15,6	3,8	20,7
Þar af:							
Vörugjöld af ökutækjum.....	528	709	1.339	-33,5	34,4	34,3	88,9
Vörugjöld af bensíni.....	1.185	1.311	1.374	-10,3	25,4	10,6	4,7
Þungaskattur.....	985	1.122	1.293	-6,0	4,2	13,9	15,2
Áfengisgjald og hagn. ÁTVR.....	1.740	1.526	1.578	-2,3	45,7	-12,3	3,3
Annað.....	2.279	2.303	2.827	9,7	-2,3	1,1	22,8
Aðrir skattar.....	84	95	85	7,2	-12,7	13,8	-10,9
Aðrar tekjur.....	3.268	3.025	3.315	2,2	8,8	-7,4	9,6
Tekjur alls.....	44.155	48.732	60.718	3,5	6,4	10,4	24,6

Gjöld ríkissjóðs janúar-febrúar
(Í milljónum króna)

	Breyting frá fyrra ári. %						
	<u>2003</u>	<u>2004</u>	<u>2005</u>	<u>2002</u>	<u>2003</u>	<u>2004</u>	<u>2005</u>
Almenn mál.....	4.045	4.847	5.064	22,7	5,4	19,8	4,5
Almenn opinber mál.....	2.432	2.717	2.902	32,3	1,8	11,7	6,8
Löggæsla og öryggismál.....	1.613	2.131	2.163	9,6	11,3	32,1	1,5
Félagsmál.....	25.185	30.175	32.571	18,0	9,3	19,8	7,9
Þar af: Fræðslu- og menningarmál.....	6.026	7.644	8.546	18,3	6,8	26,9	11,8
Heilbrigðismál.....	10.390	11.678	12.978	20,3	12,9	12,4	11,1
Almannatryggingamál.....	7.374	9.269	9.274	13,6	6,2	25,7	0,1
Atvinnumál.....	4.863	5.963	5.935	-9,0	-10,9	22,6	-0,5
Þar af: Landbúnaðarmál.....	2.014	2.069	1.877	-18,4	-4,2	2,7	-9,3
Samgöngumál.....	1.434	2.263	2.536	7,9	-28,3	57,8	12,0

Vaxtagreiðslur,,,,,,,,,,,,,,,,,,,,,,,,,,,,,,,,,,,,,	5.827	1.911	2.385	-48,8	54,1	-67,2	24,8
Aðrar greiðslur,,,,,,,,,,,,,,,,,,,,,,,,,,,,,,,,,,,,,	2.346	1.999	1.942	12,8	14,0	-14,8	-2,9
Greiðslur alls,,,,,,,,,,,,,,,,,,,,,,,,,,,,,,,,,,,,,	42.266	44.897	47.897	0,8	10,7	6,2	6,7